



Fréttatilkynning

26 September 2023 14:13:00 GMT

## Skipulagsbreytingar hjá Arion banka – Birna Hlín Káradóttir tekur við starfi framkvæmdastjóra reksturs og menningar

Nýtt skipurit tekur gildi í dag hjá Arion banka. Stofnað hefur verið nýtt svið, rekstur og menning, sem mun taka yfir ýmis verkefni sem áður tilheyrðu öðrum sviðum auk þess sem nýtt umbreytingarteymi verður hluti af sviðinu. Markmið breytinganna er aukið samstarf stoðsviða, aukin skilvirkni í rekstri, markviss stýring umbreytingarverkefna og enn skýrari fókus á þjónustu og upplifun viðskiptavina. Auk þess mun sviðið gegna lykilhlutverki í áframhaldandi þróun og mótun fyrirtækjamenningar Arion banka. Undir rekstur og menningu falla mannauður, viðskiptaumsjón, rekstrarumsjón, umbreytingar og lögfræðiþjónusta.

Birna Hlín Káradóttir, sem gegnt hefur starfi yfirlögfræðings Arion banka frá árinu 2019, tekur við starfi framkvæmdastjóra rekstrar og menningar. Stofnun sviðsins kallar ekki á breytingar á framkvæmdastjórn þar sem Birna Hlín hefur setið í framkvæmdastjórn Arion banka frá árinu 2020.

Birna Hlín hefur mikla reynslu af störfum á fjármálamarkaði og hefur gegnt starfi yfirlögfræðings hjá Fossum mörkuðum, Straumi fjárfestingarbanka og Straumi-Burðarás fjárfestingabanka auk Arion banka. Hún hefur kennt lög um fjármálamarkaði o.fl. í Háskólanum í Reykjavík og Háskóla Íslands, setið í stjórnnum nokkurra fyrirtækja og félagasamtaka héraðs og erlendis. Birna Hlín er með AMP-gráðu frá IESE Business School í Barcelona og lögfræðingur frá Háskóla Íslands. Hún er með málf lutningsréttindi og próf í verðbréfavíðskiptum.

### Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Theodórs Friðbertssonar, forstöðumanns fjárfestatengsla Arion banka, [ir@arionbanki.is](mailto:ir@arionbanki.is), s. 856 6760 eða Haraldar Guðna Eiðssonar, forstöðumanns samskiptasviðs, [haraldur.eidsson@arionbanki.is](mailto:haraldur.eidsson@arionbanki.is), s. 856 7108.

### Viðhengi

[Skipulagsbreytingar hjá Arion banka – Birna Hlín Káradóttir tekur við starfi framkvæmdastjóra reksturs og menningar](#)